

## HUGMYNDAFRÆÐI, MARKMIÐ OG SKIPULAG IÐJUPJÁLFUNARBRAUTAR

### Hlutverk

Í lögum um Háskólann á Akureyri segir að hann skuli vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum ábyrgðarstöðum í atvinnulífinu. (Lög um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999). Iðjupjálfunarbraut er starfrækt í anda þessarar yfirlýsingar og menntar nemendur til BS-gráðu í iðjupjálfun. Nám í iðjupjálfun við Háskólann á Akureyri tekur mið af þörfum íslensks samfélags jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli (WFOT, 1993). Það undirbýr nemendur markvisst undir að takast á við fjölbreytt verkefni innan heilbrigðis- og félagsþjónustu.

### Hugsjón

Iðjupjálfunarbraut Háskólans á Akureyri lætur sig varða heilsu og lífsgæði landsmanna og leggur áherslu á að þjónusta iðjupjálfa sé í boði þar sem hennar er þörf (Háskólinn á Akureyri, 1997; Guðrún Pálmadóttir, 1997). Áhersla er á að auka vegsemd fræðigreinarinnar og sjá til að hún þróist í takt við nýja þekkingu og breytilegar þarfir þjóðfélagsins. Iðjupjálfunarbrautin leggur metnað í að vera í fararbroddi hvað varðar þróun iðjupjálfunar hér á landi jafnframt því að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi. Til að mæta þessum hugsjónum er lögð áhersla á að:

- skapa samfélag sem ýtir undir þekkingaröflun, vísindis, markviss vinnubrögð og samstarf og gerir um leið kröfur um gæði, áreiðanleika og fjölbreytni
- byggja umhverfi opinna boðskipta sem ýtir undir nýbreytni og sköpunarmátt og metur að verðleikum framlag kennara og nemenda
- stuðla að samvinnu og samræmingu milli brauta háskólans til að auka gæði menntunar til hagsbóta fyrir nemendur og aðra neytendur þjónustu

## **Sjónarmið er varða iðju mannsins**

Iðjuhugtakið myndar grunninn að hugmyndafræði brautarinnar. Iðja mótast af samspili manna við umhverfi sitt og skoðast bæði sem ferli og útkoma sem gefur lífinu tilgang (Christiansen og Baum, 1997; Kielhofner, 1995). Með iðju er átt við öll þau verk og athafnir sem fólk tekur þátt í til að annast sjálft sig (eigin umsjá), njóta lífsins (leikur og tómstundaiðja) og vera nýtir þjóðfélagsþegnar (störf) (AOTA, 1994; CAOT, 1996; CAOT, 1997; Iðjuþjálfafélag Íslands, 1996; Snæfríður Þóra Egilson, 1997).

Þátttaka í iðju er forsenda mannlegrar tilveru, en gengið er út frá því að fólk sé í eðli sínu virkt og haldið athafnaþörf (Kielhofner, 1995). Iðja sem kemur til móts við þarfir einstaklings og er í samræmi við siði og væntingar samfélagsins eflir heilsu og vellíðan (Christiansen og Baum, 1997). Fólk tekur breytingum og með iðju sinni getur maðurinn haft áhrif á eigin hæfni og umhverfi (Reilly, 1962).

## **Sjónarmið er varða iðjuþjálfun**

Tilgangur iðjuþjálfunar er að auðvelda fólki að móta og taka virkan þátt í iðju sem er því mikilvæg og stuðlar að auknu sjálfræði og lífsfyllingu. Því eru skjólstæðingar iðjuþjálfara oft einstaklingar eða hópar sem, vegna röskunar á þroska, veikinda, áfalla eða öldrunar, hafa takmarkaða möguleika til iðju. Iðjuþjálfar veita einnig þjónustu félagasamtökum, stofnunum eða stjórnarsýslu sem hafa áhrif á heilsufar fólks og möguleika þess til að velja og stunda iðju (CAOT, 1997). Iðjuþjálfar vinna með fólki á öllum aldurs skeiðum og þjónusta þeirra á að vera í boði bæði innan og utan hefðbundinna heilbrigðisstofnana. Iðjuþjálfari getur gegnt hlutverkum þjálfara, talsmanns, ráðgjafa, leiðbeinanda, rannsakanda fræðimanns, stefnumótanda eða stjórnanda (CAOT, 1996).

Þjónusta iðjuþjálfara er gagnvirkt ferli samskipta iðjuþjálfara og skjólstæðings (CAOT, 1997). Iðjuþjálfar taka mið af reynslu og þörfum skjólstæðinga sinna og leggja áherslu á mikilvægi þessa í þjónustu við þá. Þjónusta iðjuþjálfara er skjólstæðingsmiðuð þar sem skjólstæðingur og iðjuþjálfari vinna saman að markmiðum skjólstæðings (CAOT, 1997, Law, 1998). Eftirfarandi sjónarmið eru í brennidepli:

- virðing fyrir einstaklingnum og framlagi hans til eflingar eigin færni við iðju
- heildarsýn á manninum og gildi iðju fyrir þroska hans, aðlögun og lífsfyllingu
- notkun iðju á markvissan hátt til að auka færni og koma í veg fyrir röskun á færni

- þroskahugtakið og tengsl þroska við breytileg viðfangsefni mismunandi æviskeiða
- samspil einstaklings og umhverfis og mikilvægi þess í mótun hlutverka er fela í sér iðju

(CAOT, 1996; Christiansen og Baum, 1997; Kielhofner, 1995; Kielhofner, 1997).

### **Sjónarmið er varða nám**

Námið við iðjuþjálfunarbraut Háskólann á Akureyri grundvallast á þeirri sannfæringu að fólk búi yfir hæfni er gerir því kleift að eiga samskipti við umhverfi sitt. Reynslan sem skapast í þessum samskiptum leiðir til náms. Nám nær til þriggja mismunandi sviða mannlegrar hæfni. (Bloom, Engelhart, Furst, Hill og Krathwohl, 1956). Þessi svið varða vitræna hæfni, tilfinningalega hæfni, og verklega hæfni. Nám í iðjuþjálfun á sér stað í samskiptum nemenda við kennara, starfandi iðjuþjálfara og skjólstæðinga. Allir þessir aðilar gegna mikilvægu hlutverki í efla með nemendum þá þekkingu, viðhorf og leikni sem er nauðsynleg hverjum starfandi iðjuþjálfara (University og Western Ontario, 1997). Þessi samskipti eiga sér stað í mismunandi samhengi er nemendur vinna að fjölbreyttum viðfangsefnum á ýmiss konar vettvangi.

Nemendur í iðjuþjálfun þurfa að tileinka sér nýtt hlutverk, hlutverk fagmannsins. Í námi á iðjuþjálfunarbraut er notuð hugmynd Kielhofners um þróun færni í starfshlutverkum (Kielhofner, 1985; Dalhousie University, 1990). Á fyrsta stigi þessa þróunarferlis er einstaklingurinn að prófa sig áfram við ýmis verkefni er tengjast starfinu. Öruggt, en jafnframt örvandi umhverfi stuðlar að því að leikni og venjur byrja að myndast. Á næsta stigi eru venjur og leikni að raðast saman í hlutverk sem nemandinn gegnir. Á þessu stigi ræður hann við ýmis verkefni og frammistaða hans fullnægir þeim ytri kröfum sem gerðar eru til hans. Á lokastigi hefur nemandinn náð að byggja upp sjálfstraust og stöðuga starfsímynd sem fullnægir hans eigin metnaðarþörf og frammistöðuviðmiðið er nú innra með honum sjálfum. Námsumhverfi þarf að vera skipulagt þannig að það bjóði upp á fjölbreytt tækifæri og stuðning við nemendur í gegnum þetta ferli.

Mikilvægt er að gefa nemendum kost á að hafa áhrif á og stýra að nokkru leyti eigin námi í ljósi þeirrar staðreyndar að nám er lífstíðarverkefni (Dalhousie University, 1996; University of Western Ontario, 1997). Starf iðjuþjálfara krefst gagnrýni og frumleika í hugsun, faglegrar rökleiðslu, leikni í mannlegum samskiptum, ábyrgðarkenndar,

sveigjanleika og þors og því er áriðandi að námið ýti undir og efli þessa eiginleika meðal nemenda (University of Western Ontario, 1997).

## **Markmið iðjuþjálfunarbrautar**

Iðjuþjálfunarbraut Háskólans á Akureyri hefur að markmiði að veita nemendum sínum þá bestu menntun sem möguleg er á hverjum tíma. Nemendur sem útskrifast af iðjuþjálfunarbraut eiga að vera sjálfstæðir, heiðarlegir og öflugir fagmenn með sterka innri starfsímynd (Guðrún Pálmadóttir, 1997). Þeir eru hollir skjólstæðingum sínum og tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að efla iðjuþjálfun bæði sem fræðigrein og starf. Þeir eru færir um að aðlaga þekkingu sína og færni að mismunandi aðstæðum, leita nýrra leiða og líta á ögrum sem tækifæri til að eflast í hlutverki iðjuþjálfans.

Eftirfarandi markmið snúa að eiginleikum nemenda. Við brautskráningu skulu þeir hafa þróað með sér þekkingu og atferli sem einkennist af

- gagnrýni í öflun og úrvinnslu upplýsinga er varða færni skjólstæðinga, leiðir til að efla færni og annað er viðkemur þróun iðjuþjálfunar
- faglegum samskiptum við skjólstæðinga, aðstandendur þeirra, samstarfsfólk og aðra
- fagmennsku í vinnubrögðum bæði er varða þjónustu við skjólstæðinga og sértæk verkefni
- faglegri rökleiðslu og íhugun sem leiðir ákvarðanatöku og mat í tengslum við þá þjónustu sem iðjuþjálfar veita

Eftirfarandi markmið snúa að færni nemenda. Þeir skulu við námslok búa yfir þekkingu, viðhorfum og leikni sem gerir þá færa um að:

- kynna hugmyndafræði og tilgang iðjuþjálfunar og umfang þeirrar þjónustu sem iðjuþjálfar veita
- sýna fagmennsku og ábyrgð og starfa í samræmi við siðareglur Iðjuþjálfafélags Íslands
- ákvarða hvaða einstaklingar hafi gagn af þjónustu iðjuþjálfara, meta færni þeirra við daglega iðju og hæfni þeirra og aðstæður í tengslum við þau hlutverk sem þeir gegna
- skipuleggja innihald og fyrirkomulag þjónustu í samræmi við þarfir og markmið skjólstæðinga

- veita þjónustu við hæfi og sem er innan ramma samspils iðju, einstaklings og umhverfis
- meta þá þjónustu sem veitt hefur verið
- stuðla að gæðapróun í iðjuþjálfun

## Námslíkan

Námslíkanið (sjá mynd á næstu síðu) sýnir hvernig þau sjónarmið er varða iðju, iðjuþjálfun og nám eru sambætt markmiðum brautarinnar. Nám hefur bæði innihald og ferli. Innihald náms á iðjuþjálfunarbraut er sótt til ýmissa fræðigreina, þ.e. iðjuvísinda, heilbrigðisvísinda, raunvísinda og félagsvísinda. Ferli námsins sýnir samþættingu þessara fræða og hlutverk þeirra í að byggja upp þekkingu og reynslu nemenda. Námið byggist á fræðilegum grunni með iðjuhugtakið að leiðarljósi og líkanið endurspeglar viðhorf iðjuþjálfna til heilsu og röskunar. Námsumhverfi er skipulagt þannig að það efli þekkingu, viðhorf og leikni nemenda (Bloom o.fl. 1956). Umhverfi hefur ýmsar víddir (Kielhofner, 1995). Nemendur eru í samskiptum við kennara, starfandi iðjuþjálfna, skjólstæðinga og samnemendur sína meðan þeir takast á við fjölbreytt viðfangsefni í náminu. Þessi samskipti eiga sér stað á ýmsum vettvangi, en námið fer fram innan veggja háskólans, á starfsstöðum iðjuþjálfna og úti í samfélaginu. Skipulag námsins er einn af umhverfisþáttunum. Hin fasta námsskipan skapar öryggi á sama tíma og hið sjálfstýrða nám ýtir undir sköpunarmátt og ábyrgðarkennd. Með þessu móti veitir umhverfið samtímis bæði tækifæri og þrýsting í átt að faglegu atferli (Kielhofner, 1995) Útkoman úr þessu líkani er iðjuþjálfni með trausta starfsímynd og fagvitund.

## Námsferli

Nám í iðjuþjálfun tekur fjögur ár og lýkur með BS gráðu í iðjuþjálfun. Leyfi til að starfa sem iðjuþjálfni er veitt af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu (Lög um iðjuþjálfun nr. 75/1977). Námið er 120 námseiningar í allt og skiptist í fyrri og seinni hluta (sjá námsskrá). Nemandi verður að ljúka fyrri hluta, þ.e. námsefni fyrsta og annars árs áður en nám er hafið á þriðja ári. Hámarkstími til lokaprófs er sex ár, þrjú ár til að ljúka hvorum hluta. Allir áfangar í náminu eru skylduáfangar. Stærstur hluti þeirra er iðjuþjálfunargreinar, en stoðgreinar eru þó í meiri hluta fyrstu tvö árin. Vettvangsnám er í allt 25 vikur og hefst á vorönn annars árs.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig námseiningar dreifast á mismunandi þrep námslíkansins. Í byrjun er áhersla á manninum sem líkamlegri, tilfinningalegri, andlegri og félagslegri iðjuveru. Áfangi um hugmyndafræði iðjuþjálfunar er strax á fyrsta ári til að leggja grunninn að áföngum um iðju mannsins þar sem fengist er við þróun og greiningu iðju og mat á færni við iðju. Á öðru og þriðja ári eru áfangar sem tengjast röskun heilsu og öðru sem ógnar færni við iðju. Áfangar um eflingu iðju, og mat og íhlutun í þjónustuferli iðjuþjálfunar eru ríkjandi á þriðja og fjórða ári. Síðasta misserið er helgað rannsókn- og fræðavinnu nemenda.

### Námsferli og námseiningar

|  | 1. ár | 2. ár | 3. ár | 4. ár | Samtals    |
|--|-------|-------|-------|-------|------------|
| <b>Maðurinn sem iðjuvera</b>                 | 18    | 12    |       |       | 30         |
| <b>Iðja mannsins</b>                         | 10    | 6     | 4     |       | 20         |
| <b>Röskun á iðju</b>                         |       | 4     | 10    |       | 14         |
| <b>Efling iðju</b>                           |       | 9     | 14    | 18    | 38         |
| <b>Þróun þekkingar á iðju og iðjuþjálfun</b> | 3     |       | 3     | 9     | 15         |
| <b>Alls:</b>                                 | 31    | 31    | 31    | 27    | <b>120</b> |

## Kennsluaðferðir

Í kennslu á iðjuþjálfunarbraut er tekið tillit til þess að fólk lærir á mismunandi hátt og nýtir sér því hina ýmsu kennsluhætti misvel (Kolb, 1984). Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur styrki þá námshætti sem eru þeim síður tamir. Til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda er í kennslunni leitast við að gefa nemendum viðfangsefni sem krefjast bæði reynslu og rökhugsunar og sem hvetja ýmist til íhugunar eða aðgerða.

Kennsla fer fram í ýmsu formi. Notaðir eru hefðbundnir fyrirlestrar, verklegir tímar, umræðutímar og sjálfvalin, sjálfstýrð einstaklings- og hópverkefni. Nemendur fá þjálfun í að gera grein fyrir viðfangsefnum í bæði töluðu og rituðu máli. Töluvert er um einstaklingsleiðsögn, einkanlega í vettvangsnámi. Áhersla á sjálfstýrðu námi eykst er á námið líður og nemendur öðlast meira öryggi og ráða yfir fjölbreyttari leiðum til úrlausnar. Jafnframt eru viðfangsefni í náminu skipulögð á þann veg að þau gera síauknar kröfur til gagnrýni í hugsun, samskipta, rökleiðslu og faglegra vinnubragða. Til að efla bæði sundurleita (*divergent*) og samleita (*convergent*) hugsun eru notaðar mismunandi aðferðir við úrlausnir vandamála svo sem PBL (*problem-based learning*) og vinna með lesin, leikin eða raunveruleg skjólstæðingstilvik. Samþætting þessara aðferða hvetur nemandann til að skoða viðfangsefni út frá mismunandi sjónarhornum og íhuga ólíkar leiðir áður en ákveðin leið er valin (University of Western Ontario, 1997).

Í vettvangsnámi er lögð áhersla á að nemendur kynnist mismunandi starfsumhverfi og skjólstæðingshópum er kunna að kalla á ólíka nálgun og vinnubrögð. Með því móti gefst nemendum tækifæri til að þróa og samþætta mismunandi leiðir í faglegri rökleiðslu (Mattingly og Fleming, 1994).

**Námsskipulag  
Iðjuþjálfunarbraut Háskólans á Akureyri**

**Fyrri hluti**

**I. ár**

Námskeið á haustmisseri

|                           |        |
|---------------------------|--------|
| Inngangur að iðjuþjálfun  | 2 ein  |
| Líffærafræði I: Stoðkerfi | 3 ein  |
| Vefja- og frumulíffræði   | 4 ein. |
| Heimspeki                 | 3 ein. |
| Vöxtur og þroski          | 3 ein. |

**II. ár**

Námskeið á haustmisseri

|                              |        |
|------------------------------|--------|
| Iðja II: Eigin umsjá         | 4 ein. |
| Líffærafræði III: Taugakerfi | 3 ein. |
| Heilsufélagsfræði            | 4 ein. |
| Sálfræði                     | 3 ein. |
| Hreyfingfræði                | 3 ein. |

Námskeið á vormisseri

|                                   |        |
|-----------------------------------|--------|
| Hugmyndafr.og kenningar í iðjuþj. | 4 ein  |
| Líffærafræði II: Innri líffæri    | 2 ein  |
| Lífeðlisfræði                     | 3 ein  |
| Iðja I (leikur og tómst.iðja)     | 4 ein. |
| Tölfræði og fræðileg vinnubrögð   | 3 ein. |
| Hópefli                           | 0 ein. |

Námskeið á vormisseri

|                      |        |
|----------------------|--------|
| Matsaðferðir         | 2 ein. |
| Inngangur að íhlutun | 3 ein. |
| Hegðun og heilastarf | 3 ein. |
| Heilbrigðisfræðsla   | 2 ein. |
| Meinafræði           | 2 ein. |
| Vettvangsnám I       | 2 ein. |

**31 ein.**

**31 ein.**

**Síðari hluti**

**III. ár**

Námskeið á haustmisseri

|                                |        |
|--------------------------------|--------|
| Iðja III: Störf                | 4 ein. |
| Tæknileg úrræði og hjálpartæki | 3 ein. |
| Geðheilsa                      | 3 ein. |
| Vefrænir sjúkdómar             | 3 ein. |
| Vettvangsnám II                | 3 ein. |

**IV. ár**

Námskeið á haustmisseri

|  |        |
|--|--------|
| Vettvangsnám III                                   | 4 ein. |
| Þjónusta iðjuþjálfara I:<br>Samþætting og vinnulag | 4 ein. |
| Þjónusta iðjuþjálfara II:<br>Nýsköpun og þróun     | 4 ein  |
| Stjórnun og handleiðsla                            | 2 ein  |

Námskeið á vormisseri

|                                    |        |
|------------------------------------|--------|
| Iðjuþj. barna og unglunga          | 3 ein  |
| Iðjuþj. fullorðinna og aldraða I   | 3 ein. |
| Iðjuþj. fullorðinna og aldraða II  | 3 ein  |
| Iðjuþj. fullorðinna og aldraða III | 3 ein. |
| Aðferðafærði                       | 3 ein  |

Námskeið á vormisseri

|                        |        |
|------------------------|--------|
| Vettvangsnám IV        | 4 ein. |
| Málstofa í iðjuþjálfun | 3 ein. |
| Lokaverkefni           | 6 ein. |

**31 ein**

**27 ein**

## Heimildir

American Occupational Therapy Association (1994). Uniform terminology for occupational therapy - third edition. *American Journal of Occupational Therapy*, 48, 1047-1059.

Bloom, B.S., Engelhart, M.D., Furst, E.J., Hill, W.H. og Krathwohl, D.R. (1956). *Taxonomy of educational objectives. The classification of educational goals. Handbook I: Cognitive domain*. New York: McKay.

Canadian Association of Occupational Therapists (1996). Profile of occupational therapy. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 63, 79-95.

Canadian Association of Occupational Therapists (1997). *Enabling occupation: An occupational therapy perspective*. Ottawa, ON: CAOT Publications ACE.

Christiansen, C. og Baum, C. (1997). Person-environment occupational performance: A conceptual model for practice. Í C. Christiansen og C. Baum (Ritstj.) *Occupational therapy: Enabling function and well-being* (bls. 46-70). Thorofare: Slack.

Dalhousie University (1990). The philosophy of The School of Occupational Therapy, Dalhousie University. Í *School of Occupational Therapy fieldwork experience manual*. Halifax: Dalhousie University.

Guðrún Pálmadóttir (1997). Iðjuþjálfun verður íslensk fræðigreinin. *Iðjuþjálfinn*, 19, 14-19.

Háskólinn á Akureyri (1997). *Iðjuþjálfunarbraut við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri*: Lokaskýrsla starfshóps. Háskólinn á Akureyri.

Iðjuþjálfafélag Íslands (1996). *Íðorð í iðjuþjálfun*. Reykjavík: Iðjuþjálfafélag Íslands.

Kielhofner, G. (1985). *A model of human occupation: Theory and application*. Baltimore: Williams & Wilkins.

Kielhofner, G. (1995). *A model of human occupation: Theory and application* (2. útg.). Baltimore: Williams & Wilkins.

Kielhofner, G. (1997). *Conceptual foundations of occupational therapy*. Philadelphia: F.A. Davis.

Kolb, D.R. (1984). *Experiential learning experience as the source of learning and development*. Englewood Cliffs, N.J. Prentice Hall, Inc.

Law, M. (1998). *Client-centered occupational therapy*. Thorofare: Slack

*Lög um Háskólann á Akureyri*, nr. 40/1999.

*Lög um iðjuþjálfun*, nr. 75/1977.

Mattingly, C. og Fleming, M.H. (1994). *Clinical reasoning: Forms of inquiry in a therapeutic practice*. Philadelphia: F.A. Davis.

Reilly, M. (1962). Occupational therapy can be one of the greatest ideas of 20<sup>th</sup> century medicine. *American Journal of Occupational Therapy*, 16, 1-9.

Snæfríður Þóra Egilson (1997). Iðja. *Iðjuþjálfinn*, 19, 20-24.

University of Western Ontario (1997). *School of Occupational Therapy: Curriculum 2000*. London ON.

World Federation of Occupational Therapists (1993). *Minimum standards for the education of occupational therapists*. Council of the World Federation of Occupational Therapists.

Skrifað maí 2001

(námsferli og námsskipulag uppfært 2006)

Guðrún Pálmadóttir

Lektor og brautarstjóri í iðjuþjálfun